

Fundargerð 101. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál

Fundur haldinn á TEAMS, 3. febrúar 2025, kl. 13:00

Dagskrá:

1. **Sóknaráætlanir landshluta**
 - a) **Nýir samningar og nýjar sóknaráætlanir**
 - b) **Minnisblað fyrir ríkisstjórn**
 - c) **Áhersluverkefni – fyrirkomulag yfirferðar**
2. **Byggðaaáætlun**
 - a) **Skýrsla ráðherra til Alþingis**
 - b) **Endurnýjun byggðaaáætlunar**
3. **Fundir með landshlutasamtökum**
4. **Önnur mál**

Mætt: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (IRN), Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Ásta Bjarnadóttir (FOR), Bryndís Eiríksdóttir (MAR), Krístrún Friðriksdóttir (DMR), Dagný Arnarsdóttir (URN), Margrét Erlendsdóttir (HRN), Þór Hauksson Reykdal (MRN), Albertína F. Elíasdóttir (SSNE), Sigríður Eysteinsdóttir (UTN), Reinhard Reynisson (Byggðastofnun, mætti 13:30) og Sigríður Elín Þórðardóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

Fjarverandi: Valgerður Rún Benediktsdóttir (Samband ísl. sveitarfélaga), Sigurður Steingrímsson (HVIN) og Eva Margrét Kristinsdóttir (FRN)

Formaður setti fundinn og hóf boðaða dagskrá.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. **Sóknaráætlanir landshluta**
 - a) **Nýir samningar og nýjar sóknaráætlanir**

Formaður skýrði frá undirritun nýrra sóknaráætlunarsamninga við átta landshlutasamtök sveitarfélaga til fimm ára sem fram fór í Norræna húsinu þann 28. janúar. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og fulltrúar landshlutasamtakanna undirrituðu samningana. Framlög til samninganna árið 2025 nema um 960 m.kr. Þar af koma um 865 m.kr. frá ráðuneytunum þremur og samtals um 94 m.kr. frá sveitarfélögum.

Formaður hafði fyrir fundinn sent stýrihópnum þær fimm sóknaráætlanir sem þegar hafa verið samþykktar af viðkomandi landshlutum, þ.e. fyrir Vesturland, Vestfirði, Norðurland vestra, Norðurland eystra og Austurland. Samkvæmt viðauka 1 við samninga um sóknaráætlun landshluta 2025-2029, c lið staðfestir stýrihópurinn sóknaráætlanir landshluta sem og áhersluverkefni. Sóknaráætlanirnar verða teknar til staðfestingar á næsta fundi. Formaður hvatti fulltrúa stýrihópsins til að kynna sér vel nýjar sóknaráætlanir og nýta eftir atvikum við stefnumótun innan ráðuneyta og hjá sambandinu.

Fundarritari og staðgengill verkefnisstjóra sóknaráætlana óskaði eftir að ábyrgð og hlutverk starfsmanns Byggðastofnunar sem verkefnisstjóra sóknaráætlana landshlutana verði skilgreint. Formaður tók vel í það.

b) Minnisblað fyrir ríkisstjórn

Formaður greindi frá því að í undirbúningi er minnisblað sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra áætla, ásamt menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra og umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, að fara með fyrir ríkisstjórn. Í minnisblaðinu yrði ríkisstjórnin upplýst um nýja samninga og nýjar sóknaráætlanir og ráðuneytin hvött til þátttöku. Fulltrúi landshlutasamtakanna fagnaði að til stæði að fara með slíkt minnisblað fyrir ríkisstjórn og minnti á að landshlutasamtökin hafi sent sameiginlega áskorun til nokkurra ráðherra á síðasta ári um þátttöku og myndu þá mögulega ítreka þá áskorun.

c) Áhersluverkefni – fyrirkomulag yfirferðar

Formaður fór yfir fyrirkomulag yfirferðar áhersluverkefna 2025 og óskaði eftir að fulltrúar skoðuðu sérstaklega áhersluverkefni sem heyra undir ábyrgðarsvið þeirra ráðuneyta. Landshlutasamtökin eiga að skila upplýsingum um áhersluverkefni fyrir 20. febrúar. Fyrirhugað að fara yfir áhersluverkefni á marsfundi stýrihópsins. Fundarritari greindi frá því að ein landshlutasamtök eru búin að skila inn áhersluverkefnum fyrir árið 2025, níu framhaldsverkefni, þar af sex sem hófust árið 2020.

2. Byggðaáætlun

a) Skýrsla ráðherra til Alþings

Formaður greindi frá því að vinna við árlega skýrslu ráðherra til Alþingis um framvindu byggðaáætlunar er á lokametrinum. Þar eru m.a. settar fram upplýsingar um stöðu hvernar aðgerða, alls 44 aðgerðir. Níu aðgerðum er þegar lokið. Þá var rætt um að ábyrgð á einhverjum aðgerðum færist á milli ráðuneyta í kjölfar breytinga á Stjórnarráðinu.

b) Endurnýjun byggðaáætlunar

Skv. lögum nr. 30/2023 um stefnur og aðgerðaáætlanir á sviði húsnæðis- og skipulagsmála, samgangna og byggðamála leggur ráðherra fram á Alþingi á hverju kjörtímabili tillögu til þingsályktunar um byggðastefnu til 15 ára og aðgerðaáætlun til fimm ára. Formaður væntir þess að byrjað verði vinna að endurskoðun grænbókar innan tíðar, að því loknu er mótuð hvítbók þar sem m.a. er fjallað um aðgerðir. Formaður áréttaði mikilvægi aðkomu stýrihópsins við þá vinnu.

3. Fundir með landshlutasamtökum

Stýrihópurinn á eftir að funda með þremur landshlutasamtökum um framkvæmd sóknaráætlana. Fundurinn með SASS verður fjarfundur, dagsætning liggur ekki fyrir. Fundur með SSH er staðfundur, dagsætning liggur ekki fyrir. Gert er ráð fyrir að funda með SSVN í lok febrúar.

4. Önnur mál

Formaður ræddi um mögulega fækkun fulltrúa í stýrihópnum vegna fækkun ráðuneyta úr 12 í 11. Albertína upplýsti að óvíst er hver tekur við af henni sem áheyrnafulltrúi landshlutasamtakanna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:55.